

**Ávarp Jóns Atla Benediktssonar, rektors Háskóla Íslands, á
málþingi um „Hlutverk háskólanna í grænu umbreytingunni“.
Haldið í sal Þjóðminjasafns Íslands miðvikudaginn 21. febrúar
2024 kl. 10.30**

Góðan dag, öll sömul. Það er mér heiður og ánægja að opna þetta málþing um „Hlutverk háskólanna í grænu umbreytingunni“ sem haldið er að frumkvæði Sjálfbærnistofnunar Háskóla Íslands og Landbúnaðarháskóla Íslands.

Það kunnara en frá þurfi að segja að loftslagsbreytingar og hnattræn hlýnun af manna völdum er einhver mesta – ef ekki almesta – áskorun sem mannkyn stendur frammi fyrir. Það er einnig ljóst að þessar náttúrulegu breytingar kalla jafnframt á róttækar samfélagslegar breytingar, hvort sem er hér á Íslandi sem annarstaðar í heiminum.

Í því samhengi er tíðrætt um hina svokölluðu *grænu umbreytingu* og þær forsendur sem uppfylla þarf til að hún geti orðið að veruleika. Evrópusambandið hefur sett fram metnaðarfulla aðgerðaáætlun sem kallast „Græni sáttmáli Evrópu“ (European Green Deal) og er ætlað að vera leiðarvísir aðildarríkja sambandsins til að geta mætt áskorunum samtímans sem snúa að loftslags- og umhverfismálum. Inntak Græna sáttmálans er að gera hagkerfi aðildarríkjanna Evrópusambandsins sjálfbær með því að breyta loftslags- og umhverfisáskorunum í tækifæri, með það að markmiði að ná loftslagsjöfnuði fyrir árið 2050.

Með síaukinni alþjóðlegri samvinnu íslenskra háskólastofnana, ekki síst í ljósi aðildar Háskóla Íslands, Landbúnaðarháskólans og Háskólans í Reykjavík að evrópskum háskólanetum, felast mikil tækifæri til rannsókna og miðlunar, ekki síst á sviði umhverfis- og loftslagsmála.

Græna umbreytingin er viðamikil verkefni sem krefst mikils af okkur öllum, alls staðar í samfélaginu, og þar er mikilvægt að horft sé til réttlátra umskipta. Umræður um grænu umbreytinguna snúa oft en ekki að orkuskiptum, grænum hagvexti og sjálfbærri nýtingu auðlinda. Það gefur auga leið að háskólar sem æðstu vísinda- og kennslustofnanir samfélagsins gegna þar lykilhlutverki. Háskólar eru hornsteinar samfélagsins þegar kemur að þekkingaröflun, menntun borgaranna, samfélagslegrar umræðu og lýðræði. Háskólarnir þurfa því að ganga fram með góðu fordæmi og taka ákvarðanir sem byggja á bestu mögulegu þekkingu hverju sinni, innleiða samfélagslega ábyrga stjórnunarhætti og takmarka neikvæð umhverfisáhrif starfsemi sinnar. Hlutverk háskóla er að mennta borgarana þannig þeim sé gert kleift að mæta áskorunum samtímans og framtíðarinnar. Og til þess að efla samstarf og samtal milli íslenskra háskóla um hlutverk þeirra í grænu umbreytingunni er mikilvægt að efna til viðburða líkt og þessa. Ég ætla því ekki að hafa þessi inngangsorð fleiri heldur segi málþingið sett og óska ykkur öllum fróðlegs og gagnlegs málþings.

Takk fyrir.